



Tillaga að Arðgreiðslustefnu Haga hf.

Stjórn Haga hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni hefur félagið þrjá valkosti: beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi lána og kaup á eigin hlutabréfum, sé markaðsverð þeirra undir sannvirði þeirra. Að auki mun félagið, ef tækifæri gefast, kaupa fasteignir á hagstæðu verði sem félagið leigir nú undir starfsemi sína.

Stefnt er að því að Hagar hf. greiði hluthöfum sínum árlegan arð sem nemur 0,45 kr. á hlut hið minnsta og að hann vaxi um að minnsta kosti 5% á ári.

Á aðalfundi félagsins þann 7. júní 2013 mun stjórn þess leggja til að greiddur verði arður að upphæð 0,50 kr. á hlut, en það jafngildir um 11% aukningu frá fyrra ári.

Þannig samþykkt í stjórn Haga hf., 16. maí 2013.